



Veiðarfæratrygging

Vátryggingarskilmálar nr. ME11

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. ME11.
- Sameiginlegir skilmálar nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

1. Vátryggðir hagsmunir
2. Vátryggður og meðvátryggðir
3. Vátryggingin gildir
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Varúðarreglur
7. Brot á varúðarreglum
8. Samsömun
9. Greiðsla iðgjalds
10. Endurgreiðsla iðgjalds
11. Eigendaskipti
12. Vátryggingarfjárhæð
13. Eigin áhætta
14. Undirtrygging
15. Ákvörðun bóta
16. Framsal
17. Tvítrygging
18. Fyrning

1. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin gildir fyrir veiðarfæri allt að þeirri fjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Vátryggður og meðvátryggðir

- 2.1 Eigandi veiðarfæra er vátryggður.
- 2.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í veiðarfærunum eru ekki meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu. Meðvátryggðir öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en vátryggður, sbr. 3. mgr. 41. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

3. Vátryggingin gildir

- 3.1 Vátryggingin gildir innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi um borð í því skipi sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 3.2 Fyrir skip stærri en 100,49 brl. gildir vátryggingin á siglingasvæði norðan við 40° norðlægrar breiddar og sunnan við 70° norðlægrar breiddar, nema um annað sé samið. Á tímabilinu 15. maí til 16. nóvember gildir vátryggingin einnig norðan við 70° norðlægrar breiddar.

4. Bótasvið

Vátryggingin bætir:

- 4.1 Algert tjón ef veiðarfæri farast með skipinu.
- 4.2 Algert tjón og hlutatjón ef þau stafa beinlínis af því að skipið strandar, sekkur, því hvolfir eða það rekst á annað skip, fasta eða fljóttandi hluti.
- 4.3 Brunatjón.
- 4.4 Þátttöku í samtjóni, samtjónskostnaði, hliðstæðum kostnaði og björgun.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 5.1 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 5.2 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Varúðarreglur

- 6.1 Skipið sem hin vátryggðu veiðarfæri eru um borð í skal vera smíðað, útbúið og haldið við í samræmi við notkun þess. Jafnframt skal vátryggður, eða menn sem hann ber ábyrgð á, fara eftir lögum og reglum sem settar eru til að tryggja öryggi skipsins.
- 6.2 Þegar skip sem hin vátryggðu veiðarfæri eru um borð í er í höfn eða í lægi skal ganga tryggilega frá festum þess. Jafnframt ber vátryggðum að hafa reglulegt eftirlit með skipinu þegar það er í höfn eða í lægi.



6.3 Vátryggður skal sjá til þess að skipinu sem hin vátryggðu veiðarfæri eru um borð í sé haldið við með fullnægjandi og eðlilegum hætti samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Skipið skal vera haffært þegar það lætur úr höfn, útbúið og mannað með fullnægjandi hætti, tryggilega hlaðið og nauðsynleg skipsskjöl skulu vera um borð.

6.4 Vátryggður skal sjá til þess að starfsmenn séu ekki undir áhrifum áfengis eða fíkniefna við vinnu sína.

7. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Samsömun

Félagið getur borið fyrir sig háttsemi stjórnenda vátryggðs og stjórnenda skips sem hin vátryggðu veiðarfæri eru um borð í.

9. Greiðsla iðgjalds

9.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.

9.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

10. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.

11. Eigendaskipti

Ef eigendaskipti verða á veiðarfærunum fellur vátryggingin úr gildi þegar eigendaskiptin hafa átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef vátryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum, ef hinn nýi aðili hefur ekki sjálfur tekið vátryggingu.

12. Vátryggingarfjárhæð

12.1 Vátryggingarfjárhæð kemur fram í vátryggingar-skírteini eða endurnýjunarkvittun.

12.2 Upphæð vátryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna vátryggðu hagsmuna.

13. Eigin áhætta

13.1 Af hverju tjóni ber vátryggður sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

13.2 Eigin áhætta breytist við endurnýjun vátryggingar-innar í samræmi við breytingar á vísitölu.

14. Undirtrygging

Sé heildarverðmæti veiðarfæra meira en vátryggingarfjárhæð bætist tjón hlutfallslega.

15. Ákvörðun bóta

15.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum veiðarfærum, sambærilegum þeim sem skemmdust. Félaginu er heimilt að draga frá bótum verðryrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti veiðarfæra.

15.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða ráðstafað veiðarfærunum til viðgerðar og greitt viðgerðarkostnað ef unnt er að gera við veiðarfærin þannig að þau verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.

15.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærileg veiðarfæri og urðu fyrir tjóninu að teknu tilliti til verðryrnunar samkvæmt gr. 15.1, ef veiðarfærin skemmdust það mikið að ekki er unnt að gera við þau eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til veiðarfæra sem skemmdust.

15.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti veiðarfæra sem skemmdust eins og það var fyrir vátryggingaratburð og verðmæti eftir vátryggingar-atburð.

15.5 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

16. Framsal

Vátryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja réttindi sín samkvæmt vátryggingarsamningnum.

17. Tvítrygging

17.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða



vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

- 17.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 17.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

18. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006.